

Hafnarfjörður 25. september 2012

Ósk um stuðning við atvinnuleikhús í Hafnarfirði.

Þann 5. janúar 1999 var undirritaður þríhliða samningur á milli menntamálaráðuneytis, Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarleikhússins sem styrkti mjög rekstur og alla framtíð leikhúss í Hafnarfirði. Samningurinn rann sitt skeið og ákveðið var að auglýsa eftir tilboðum frá leikfélögum/leikhópum um rekstur leikhúss að Strandgötu 50 í Hafnarfirði árið 2010.

Fyrir valinu varð Gaflaraleikhúsið og hefur leikhópurinn séð um rekstur atvinnuleikhúss í Hafnarfirði með sóma. Leikhópurinn hefur vakið verðskuldaða athygli og í haust hefjast sýningar á Ævintýrum Múnkhasens að nýju en verkið hlaut frábæra dóma og aðsókn. Að Gaflaraleikhúsinu standa Lárus Vilhjálmsson, Björk Jakobsdóttir, Gunnar Björn Guðmundsson, Gunnar Helgason og Ágústa Skúladóttir.

Síðast liðið vor fóru bæjarstjóri Hafnarfjarðar Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Þorsteinn Kristinsson, formaður menningarmálanefndar og Marín Hrafnisdóttir menningarfulltrúi ásamt forsvarsmönnum Gaflaraleikhússins á fund menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur. Ítrekaði Hafnarfjarðarbær þar ósk sína um að koma á þríhliðasamningi við leikhúsið og ráðuneytið í því skyni að styrkja leikhússrekstur og menningarlíf bæjarins. Jafnframt var rætt um að þau vonbrigði að ekki fékkst styrkur frá Leiklistarráði til Hafnarfjarðar árið 2012.

Í svarbréfi frá menntamálaráðuneyti dags. 29. maí 2012 er greint frá því að ekki sé unnt að verða við þríhliðasamningi að svo stöddu og er Gaflaraleikhúsinu bent á að endurnýja ósk sína um starfssamning þegar Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum með haustinu. Er það einlæg von Hafnarfjarðarbæjar að vel verði tekið í þeirra ósk um framlag að þessu sinni. Hafnarfjarðarbær ver rúmum tuttugu milljónum á ári í rekstur leikhússins, þar af eru 5 milljónir í beina styrki en einnig leigir bærinn húsnæðið að Strandgötu 50.

Jafnframt mun Hafnarfjarðarbær halda áfram að óska eftir því við menntamálaráðuneyti að kannað verði með hvaða hætti best er að styrkja, til lengri tíma, rekstur atvinnuleikhúss í Hafnarfirði.

Marín Hrafnisdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi

